

Ma.

480. Nefndarátt

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað fallist á að mæla með framgangi þessa máls, hvorki í þeim búningi, sem það hefir frá hendi hv. flm. (H. V.), nje þeim, sem það hefir eftir brtt. hæstv. atvinnumálaráðherra (Tr. P.).

Frv. og brtt. virðist eiga að vinna að svipuðu marki í kaupstöðum og vakti fyrir að því er sveitir snertir, þegar löginn um Byggingar- og landnáms sjóð voru sett. En hjer er að öðru leyti ólíku saman að jafna. Fólk þyrpist úr sveitum til kaupstaðanna, svo að til vandræða horfir víða í sveitum. Ef frv. þetta verður samþykkt, hlýtur það að örva enn meir brottflutninginn úr sveitunum, en það teljum við bæði rangt og í ósamræmi við gerðir þingsins áður. Fyrir sjónum þeirra, sem vilja halda við bygðunum í sveitum, hlýtur það að vera rangt að teygja fólk í kaupstaðina með lofordum um ódýrar íbúðir með öllum nútímapægindum, lofordum, sem ekki nema tiltölulega fáir geta notið góðs af, en gint fjölda manna.

Það sýnist rangt að gera þá ekki kauptúnnum landsins sömu skil og kaupstöðum.

Búast má við, að frv. þetta, ef að lögum verður, baki rikissjóði árleg

útgjöld, er nema 70—100 þús. kr., og kaupstöðunum annað eins. Við teljum varhugavert að leggja svo mikil föst útgjöld á í því augnamiði, sem hjer ræðir um. Við sjáum ekki eins og stendur, að ríkið geti tekið á sig að byggja upp kaupstaðina; teljum það því um megn, jafnvel þótt rjett þætti að öðru leyti.

Ennfremur má benda á, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánnum til verkamannabústaðanna getur orðið mikil og alls ekki hættulaus.

Alþingi, 30. apríl 1929.

Hákon J. Kristófersson,
frsm.

Magnús Guðmundsson.